

**KJARVAL**

**25% afsláttur**

**1398 KR. KG**  
Goða grískótiletur Karabian

**25% afsláttur**

**1398 KR. KG**  
Goða grísaðnakki piri piri

**40% afsláttur**

**1769 KR. KG**  
Móa kjúklingabringur

**25% afsláttur**

**398 KR. PK**  
Goða grillpýlsur í úrvali

**398 KR. PK**  
Danskar salami pýlsur 2 tegundir

**198 KR. PK**  
Bautabúrs kartöflusalat 300 g

**539 KR. PK**  
Maxwell House kaffi

**139 KR. STR.**  
Pepsi Max 2 l

**398 KR. PK**  
Emmess Tommi og Jenni heimilisplinnar

**15% afsláttur**

**399 KR. STR.**  
Meistara kryddkaka

**99 KR. PK.**  
Extra uppþvottalögur

**89 KR. STR.**  
Líf ávaxtasafi 1 lítri

**449 KR. KG**  
Græn vínber

**- Þín tilboð í Kjarval -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Blómasala!

Kvenfélagið verður með sína árlegu blómasölu á Kirkjubæjarklaustri fyrstu dagana í júní.



Nánar auglýst síðar.  
Sumarkveðjur,  
Stjórnin

## Aðalsafnaðarfundur Skeiðflatarsóknar

Verður haldinn í Ketilsstaðaskóla þriðjudaginn 20. maí kl. 20:30.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál



SMÁAUGLYSINGAR



## Halldórskaffi

### Opnunartími í maí

Sun - fim 12-15 og 18-22  
Lau - fös 12-15 og 18-02

### Leiðrétting:

Í síðasta Vita var sagt frá sambandsþingi USVS (Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga) um val íþróttamanns ársins 2007 og efnilegasti íþróttamaður ársins 2007.

Tekið skal fram að þessi umsögn var af vef USVS (Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga), ekki Umf Kötlu (Drangur/Dyrhólaey)

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

[www.sko.barnaland.is](http://www.sko.barnaland.is)

20. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 14. MAÍ 2008

# Dynskógar

## Sögufélag Vestur-Skaftfellinga

Aðalfundur félagsins verður haldinn á Hótel Klaustri  
sunnudaginn 8. júní kl. 14:00.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 5. grein félagssamþykktu.

Atygli er vakin á því að allir áskrifendur héraðsrítsins Dynskóga eru fullgildir félagsmenn.

Stjórnin



## Halló krakkar

**Við hlökkum til að hitta ykkur í reiðskólanum 1.  
- 7. júní n.k.** auðvitað verður svo reiðskólasýningin 8.  
júní þar sem við gerum okkur glaðan dag og sýnum getu  
okkar. Skráning og frekari upplýsingar auglýst síðar.

Kveðja, Vilborg og Óskar

### Speki aldanna

**Mörg** heit vinna tæpan trúnað  
**Hálfnað** er verk þá hafið er  
**Oft** svelgist svöngum á sætum bita  
**Drjúgt** er það sem drýpur  
**Enginn** fitnar af fögrum orðum  
**Enginn** fæðist með formennskunni  
**Misjöfn** ævi er best  
**Hver** vill sína buddu birgasta  
**Kemst**, þó kyrrt fari  
**Samí** er maðurinn, þó annar sé kyrtillinn  
**Ást** vex með vana  
**Oft** hefur líkt upphaf ólíkan endi  
**Gæfa** fylgir góðri nennu

Sá syndir vel er öðrum uppi heldur  
**Betra** er að þjá en þræta  
**Ský** á engan skildaga  
**Fer** fiskisaga, en flýgur hvalsaga  
**Enginn** stendur lengur en hann getur  
**Veldur** hver á heldur  
**Ekki** er hægt að snýta, þá af er nefið  
**Kálfur** er krása bestur  
**Einn** ríkur í dag, en rækur á morgun  
**Enginn** getur sagt fyrir sjö daga veður  
**Viljann** er að virða, þó vantí máttinn  
**Oft** er veiðin sýnd, en ekki gefin  
**Flest** fynnist, þá er frá líður  
**Betra** er loflegt líf en langt

### Sauðburður í hámarki

Þó er það mjög misjafnt hvenær menn láta bera. En víðast hvar er þetta komið á fullt um 10. maí Sumstaðar fyrr en annarsstaðar seinna. Heldur hefur víðraf leiðinlega fram til þessa, fyrst hægt að láta út á mánudaginn. Svo víðrist sem ánum hafi víða gengið betur að losna við lömbin en oft áður, víðrist sem áraskipti séu á þessu, stundum þarf að hjálpa flestum en í annan tíma gengur þetta nær sjálfkrafa. Svo víðist sem frjósemi sé góð, sem reyndar er orðið að mestu árvisst með góðri og jafnri fóðrum.

Þótt víða hafi fæðst væn lömb höfum við ekki frétt af 8 kílóa lambi eins og á fjár-ræktarbuínu á Hesti í Borgarfirði. Það má nú líka aldeilis fyrr vera.

Að sögn Ólafs Þ. Gunnarssonar á Giljum, sem rekur 600 kinda fjárbú ásamt eiginkonu sinni, Birnu Pétursdóttur, hefur sauðburður gengið vel, frjósemi góð, um 100 rollur óbornar, jafnar sig upp með tvö lömb á rollu, þá eru komnar yfir 30 þrilembur og tvær fjór-lembur. Þau reyna að koma sem flestum þrilembingum og ekki síst fjórlembingum undir einlembur og oft mikil handahlaup að vera nógu fljótur að koma þeim í kárið.

Þau Gilnahjón eru með góða aðstöðu með stórt nýbyggt fjárhús, með taðgólfi, sem Ólafur segir koma vel út, reyndar með aðeins undirburði, en þá séu ærnar líka táhreinar og burðurinn hafa gengið vel, þó nokkuð hafi þurft að hjálpa. Það hafa borið um 30 á sólarhring dögum saman hjá þeim.

Nú eru þau að koma sér upp bættri aðstöðu, við gjafir. Smári Tómasson hefur hannað og smíðað sérstaklega útbúna heygrip með vökvaknúnum skurðarhníf, sem gefur góð fyrirheit um minni vinnu og léttari við gjafirnar.

Ólafur kvað frjósemi vera mjög misjafna milli bæja, sumsstaðar mjög góða en annarsstaðar lakari. En það er víst að það er lítið sofið á mörgu sauðfjárbýlinu um þessar mundir, enda þarf að vakta ærnar nær stöðugt ef ekkert á að misfarast. E.



### Hjöröin

Sauðfé er hóp- og flóttadýr sem getur hlaupið undan óvini sínum. Við meiri ræktun og aukna áherslu á kjötgæði hefur hraði dýrsins minnkað umtalsvert. Þó hefur nátt-úrlegum óvinum fækkað, því nú er fénu víðast hvar haldið innan girðingar og eftirlit haft með því. Margar sauðfjártægundir eru hyrndar til að verjast árás en einnig til að berjast um tign og stöðu í fjárhópnum. Einnig eru til hnýflóttar kindur (sem hafa lítil og/eða óregluleg horn) og kollótt fé, sem hefur ekki horn.

Fengitími ána er hjá flestum kynjum að hausti og kallast það að kindin sé blæsma, eða gangi, 30 til 36 klukkustundum fyrir egglos. Beiðslishringurinn tekur 16 til 17 daga, það er að ærnar ganga á svo margra daga fresti. Meðganga er nokkuð mismunandi milli tegunda, en algeng lengd er 142 dagar. Þegar ærin færðir afkvæmi sitt kallast það burður. Mjög algengt er að ærnar eigi 2 lömb hver, en bæði færri og fleiri afkvæmi eru einnig algeng. Ekki gengur burðurinn alltaf sem skyldi og því þarf maðurinn stundum að grípa inn í, sérstaklega ef lömbin eru flækt saman, þau komi einungis með höfuð aftur í grind eða komi á afturlöppunum. Við eðlilegan burð liggur höfuð lambsins milli beggja framlappanna.

### Nafngiftir

Fullorðin kvenkyns kind kallast ær en karlkynið nefnist hrútur. Geltur hrútur kallast geldingur fyrsta veturinn en síðar sauður. Kindur á fyrsta vetri kallast einu nafni gemlingar eða gemsar. Móðurlaus lömb sem gefið er úr pela eða flösku kallast heimalingar (heimalningar) eða heimalingar, heimagangar eða pelalömb. Lömb sem eru móðurlaus en fá ekki mjólk úr pela kallast graslömb. Úr Wikipediu, frjálsa alfræðiritinu

# Sóknarbörn Reyniskirkju og allir íbúar Mýrdalsins athugið.

Guðspjónustan sem boðuð hafði verið í Reyniskirkju,  
næsta sunnudag, 18. maí 2008, kl. 14:00,

## **FELLUR NIÐUR AF ÓVIÐRÁÐANLEGUM ÁSTÆÐUM.**

Í stað hennar verður guðspjónusta í Reyniskirkju  
sunnudaginn 1. júní nk. kl. 14:00.  
Fjölmennum þá til kirkju.

Með kveðju  
Sóknarprestur



inni aldargömul horn af villifé.  
Tjörulmur af stafnþili bænþússins,  
og ofan frá himninum hellist birta  
sem nær langt út yfir gröf og dauða  
*Gyrðir Elíasson*

### **Sólheimasandur**

Svo ríddu þá með mér á Sólheimasand,  
sjávar þar aldrei þagnar kliður,  
en Jökulsá spinnur úr jakatoga band  
og jökullinn í hafið gægist niður.

Hann horfir á starf hinnar iðhórðu ár  
og hettuna missir af skalla,  
en Jökulsá sinn hana lyppar í lár  
og loðið tætir hvítra reifi mjalla.

En þó er sú strönd heldur þegjandalig,  
þar heyrast ei kvikar raddir neinar,  
því náttúran talar þar ein við sjálfa sig,  
en sveina fæstir skilja, hvað hún meinar.

*Grímur Thomsen*

### **Sumardagur á Núpsstað**

Ég þekki mann sem lærði  
að spila á orgel hér í bænhusinu.  
Heimalningarnir koma hoppandi  
ofan af grasi vöxnu þaki  
gamla bæjarins og  
taka á móti mér í hlaðinu.  
Gola þýtur í reynitryám  
uppundir klettunum.  
Smíðjan hálfopin, þar



# **Hreinsunaráttak í Mýrdalshreppi**

## **Gámaþjónusta**

Frá miðjum maí- og út júnímánuð 2008 verður gámaþjónusta í  
Mýrdalshreppi niðurgreidd um 50%. Íbúar, bændur og forsvarsmenn  
fyrirtækja eru hvattir til að nýta sér þjónustuna og hreinsa til á lóðum sínum  
og bújörðum.

*Gáma skal panta hjá Ögmundi Ólafssyni í síma 892-9726*

## **Hreinsunarkvika**

**Vikan 1.– 7. júní nk.** verður sérstök hreinsunarkvika þar sem íbúar verða  
hvattir til að taka til í sínu nánasta umhverfi. Nánar auglýst síðar.

## **Kerfill**

Nú er Spánarkerfillinn byrjaður að gægjast upp úr jarðveginum. Íbúar í Vík  
eru hvattir til að sporna við útbreiðslu Kerfilsins á lóðum sínum og nánasta  
umhverfi. Þetta er helst hægt að gera með endurteknum slætti og koma  
þannig í veg fyrir hann myndi fræ.

*Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps  
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps*

## **Brandarar**

Lögregluþjónn stöðvaði gamla konu.  
-Þú keyrir allt of hratt. Hér er 50 km hámarks-  
hraði en þú keyrðir á 80 km. -Já, en á skiltinu  
þarna stendur 80. -Það er vegnúmerið  
Vegnúmerið, bíddu nú við, þá var þetta ekki 180  
km hámarkshraði áðan.-

Viltu leika við nýja hundinn minn fyrir mig?  
-Æ, ég veit ekki, bítur hann?  
-Það er það sem ég vill finna út

-Sjáðu þennann. Hann hlýtur að vera boxari.  
-Nei, ég þekki hann. Hann þússar kvennakleff-  
anna í sundlauginni.

Einu sinni var Hafnfirskur vísindamaður að gera  
eldflaug til að senda til sólarinnar. Þegar annar  
vísindamaður gekk framhjá sagði hann: Þú getur  
ekki sent þetta til sólarinnar, það brennur til agna  
í hitanum. -Hvað þú getur verið vitlaus. sagði  
Hafnfirðingurinn.- ég sendi hana auðvitað um  
nóttu

## Tilkynning frá Skaftárhreppi

Skaftárhreppur hefur gengið frá samningum um grenjavinnslu við eftirtalda aðila fyrir komandi grenjaveiðitímabil:

Hörgslandshreppur: Vigfús Helgason  
Kirkjubæjarhreppur: Pálmi Harðarson  
Skaftártunga: Gísli Halldór Magnússon / Oddsteinn Sæmundsson  
Leiðvallahreppur: Hávarður Ólafsson / Gísli Þorsteinsson  
Álftavershreppur: Þórarinn Eggertsson

Samningar þessir eru til reynslu og einungis gerðir fyrir grenjatímabilið 1 maí - 31 júlí 2008. Til áréttingar skal það upplýst að samkvæmt 5. grein reglugerðar um refa- og minkaveiðar nr. 437 frá 1995 með síðari breytingum eru refaveiðar á grenjatímabilinu einungis heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu hjá viðkomandi sveitarfélagi. Þó geta bændur og aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði stafar bein hættu af. Skal viðkomandi þá tilkynna ráðnum skotmanni á svæðinu um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps*

### Hvalurinn

*Olavíus segir svo:*

"Árið 1775, nóttina milli 23. og 24. júlím., fór ég á báti út úr Veiðileysufirði í þoku og þykkviðri og stóð það þangað til morguninn eftir kl. 8 ½, að sólskin kom og dreifði snögglega þokunni svo að vel sást um alla byggðina nema aðeins í fjarðarmynninu. Þar var að sjá skrokk einn kolsvartan ofan á sjónum sem tók yfir tvo þriðjunga af fjarðarbreiddinni, en hann er nærhæfis hálf vika sjávar á breidd. Skepna þessi líktist mikið stórhveli og hvarf stundum að nokkru í sjó niður, en stundum rétti hún sporðinn upp í loftið og bægslin og stundum hausinn allan.

Þó blæjalogn væri urðu þeir sem með mér voru lafhræddir og ætluðu fyrir fullt og fast að þetta væri illhveli og einkum lyngbakurinn sem svo er frá sagt í fornum sögum að sé eins og eyja tilskýndar og þurfi ekki að éta oft en þriðja hvert ár, en þá hámi hann í sig allt sem að kjafti

kemur, fiska og fugla, sædýr og annað þess konar. Við héldum því að landi og gengum upp á hæð nokkra; þaðan sáum við sömu sjón og áður, ekki lengra að en fjórðung mílu frá sjónum, og virtist okkur það vera reglulegur hvalur.

Hóf hann stundum nokkuð af skrokknum frá sjónum hér um bil álvarhátt, en lá þó í sjónum að öðru leyti. Sýndist okkur hann nú miklu ljósari álights en áður. Loksins hvarf hann okkur sjónum allt í einu um kl. 9."

*Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar  
Tekið af hvalavefnum*



## Styrkir til atvinnuþróunar

**Atvinnuþróunarfélag Suðurlands** auglýsir eftir umsóknum um styrki til atvinnuþróunar á starfssvæði sínu.

Umsækjendur geta verið fyrirtæki, félög, stofnanir og einstaklingar með rekstur á Suðurlandi. Til ráðstöfunar, að þessu sinni, eru 5,0 mkr.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram stutt lýsing á verkefninu, ætluðum ávinningi þess ásamt kostnaðar-, fjármögnunar- og tímaáætlun. Reglur um styrkveitingar félagsins, ásamt umsóknareyðublaði, er að finna á heimasíðu félagsins [www.sudur.is](http://www.sudur.is).

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir **14. júní 2008**.

Hlutverk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er m.a. að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og styrki til áhugaverðra verkefna.



**ATVINNUPRÓUNARFÉLAG  
SUÐURLANDS**

**Austurvegur 56, 800 Selfoss – Sími 480 8210 – Fax 480 8201**

**Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjum – Sími 481 2961**

**Netfang [atrs@sudur.is](mailto:atrs@sudur.is)**

### Einbúinn

Yfir dal, yfir sund,  
yfir gil, yfir grund  
hef ég gengið á vindléttum fótum.  
Ég hef leitað mér að,  
hvar ég ætti mér stað,  
út um öldur og fjöll og í gjótum.

En ég fann ekki neinn,  
ég er orðinn of seinn,  
þar er alsett af lifandi og dauðum.  
Ég er einbúi nú  
og ég á mér nú bú  
í eldinum logandi rauðum.

*Jónas Hallgrímsson 1807-1845*